



Viðtakandi: Mannréttindaskrifstofa

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 14. janúar 2026

MSS26010065

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni um afslátt á fasteignasköttum/gjöldum.

Vísað er til fyrirspurnar félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni sem lögð var fram á fundi mannréttindaráðs þann 8. janúar sl. og barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 9. janúar sl. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Óskað er svara varðandi afslætti á fasteignasköttum/gjöldum til handa tekjulitlum ellilífeyrisþegum annars vegar og örorkulífeyrisþegum hins vegar. Tilefnið er mikill mismunur er á milli sveitarfélaga hvað varðar afsláttarþrósentu og tekjumörk þeim tengdum á fasteignasköttum/gjöldum sem hvert og eitt sveitarfélag setur hverju sinni og hallar þar mjög á Reykvíkina. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) óskar svara við eftirfarandi spurningum: 1. Hver er sá fjöldi eldra fólks sem fær 100% afslætti ? 2. Hver er heildar afsláttarupphæðin í krónum talið m.v. 100% ? 3. Hver er sá fjöldi eldra fólks sem fær 80% afslætti ? 4. Hver er heildar afsláttarupphæðin í krónum talið m.v. 80% ? 5. Hver er sá fjöldi eldra fólks sem fær 50% afslætti ? 6. Hver er heildar afsláttarupphæðin í krónum talið m.v. 50%?“

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 kemur fram að sveitarstjórn sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skyld er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti. Ákvæðið er þannig heimildarákvæði en kveður ekki á um skyldu sveitarstjórna til að veita slíka afslætti.

Það er í höndum sveitarstjórnar hvers sveitarfélags að ákveða fjölda gjalddaga fasteignaskatts, skv. 4. mgr., 4. gr. sömu laga, auk þess að ákveða skatthlutfall fasteigna. Skýrir þetta mismuninn sem er á afsláttarkjörum á milli einstakra sveitarfélaga. Tekið skal fram að Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem veitir einnig afslátt af fráveitugjaldi sem innheimt er með fasteignagjöldum.



Reykjavík



Fjöldi elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta afsláttarkjara hjá Reykjavíkurborg vegna fasteigna- og fráveitugjalds er 4.540 einstaklingar, þar af 76% sem teljast til eldri borgara eða 3.450 einstaklingar. Í meðfylgjandi töflu má sjá skiptingu á milli afsláttarflokka og fjárhæðir hvers flokks.

Afsláttarregla	Fjöldi afsláttarþega	Fjárhæð afsláttar
50% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	1.507	-121.147.244
80% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	1.023	-137.843.639
100% afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi	920	-158.627.004
Samtals	3.450	-417.617.887

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs